



## Fundur fræðslunefndar 15. desember 2015

Fundur haldinn í fræðslunefnd 15. des. 2015 kl. 12:00 í leikskólanum Brekkubæ. Mættir: Fanney Hauksdóttir, Ingvar Björgvin Eðvarsson, Fjóla Dögg Valsdóttir. Einnig kom á fundinn Sandra Konráðsdóttir.

Formaður bauð fundarmenn velkomna og setti fund.

### 1. mál

Fundargerð síðasta fundar lesin upp og var hún samþykkt samhljóða.

### 2. mál

Foreldrakönnun vegna lokunar leikskólans vegna sumarleyfa sumarið 2016.

Í könnuninni var boðið var upp á tvo valmöguleika: 16. júní - 21. júlí annarsvegar og 7. júlí - 11. ágúst hinsvegar.

Formaður fræðslunefndar fór yfir svör sem bárust við könnuninni ásamt fundarmönnum og leikskólastjóra. Niðurstaðan var sú að á fimm svaseðlum var fyrra tímabilið valið, þ.e. 16. júní – 21. júlí. Á fjórum svaseðlum var síðara tímabilið valið, 7. júlí – 11. ágúst. Samkvæmt niðurstöðum könnunarinnar eru því fleiri sem völdu fyrra tímabilið, frá 16. júní – 21. júlí 2016. Fræðslunefnd styður við að niðurstöður könnunarinnar verði láttin gilda sem ákvörðun tímabils vegna sumarlokun leikskólans Brekkubæjar sumarið 2016.

Þótti fundarmönnum þátttaka foreldra í könnuninni dræm. Níu svör bárust við könnuninni, en 27 börn eru í leikskólanum. Fræðslunefnd ályktar svo að þeir foreldrar sem ekki skiluðu inn svörum við könnuninni sé sama hvenær sumarlokun leikskólans Brekkubæjar sé ákveðin fyrir sumarið 2016. Þess má geta að í fyrra var þátttaka í samsvarandi könnun mun betri en nú, en einnig þá munaði aðeins einu atkvæði milli tímabilanna sem í boði voru.

Nefndarmenn eru sammála að skoða betur það fyrirkomulag sem leikskólinn á Egilsstöðum og í Fjarðarbyggð viðhafa hvað lokannir vegna sumarleyfa varðar. Þá er lokun vegna sumarleyfa ákveðin 3 ár fram í tímann. Telur fræðslunefnd að slíkt fyrirkomulag reynst vel fyrir Vopnafjörð. Ákveðið er að skoða þessi mál betur á nýju ári.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 12:25

Fjóla Dögg Valsdóttir